

Bæjarstjórn - 411

FUNDARBOÐ

411. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 28. apríl 2022 og hefst kl.
17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2204003F - Æskulýðs- og íþróttanefnd - 83

Lögð fram 83. fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar.

Erindi til kynningar

2. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 908. fundar sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. 1906039 - Fundargerðir stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands sem haldinn var 16. mars sl.

4. 1909042 - Færsla hjúkrunarheimilis og staða framkvæmda við HVE Stykkishólmi

Lögð fram fundargerð 22. fundar stýrihóps vegna framkvæmda á HVE í Stykkishólmi.

5. 2203028 - Almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022

Lagt fram bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) til allra sveitarfélaga varðandi almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022. Bréfið upplýsir sveitarfélög um áhersluatriðið EFS fyrir árið 2022

6. 2203030 - Endurskipulagning sýslumannsembætta

Lagt fram erindi frá dómsmálaráðuneytinu varðandi endurskipulagningu á sýslumannsembættum.

7. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar

Lögð fram fundargerð 200. fundar Breiðafjarðarnefndar.

8. 2204002 - Skýrsla um Svæðisgarðinn Snæfellsnes

Lögð fram skýrsla um Svæðisgarðinn Snæfellsnes þar sem farið er yfir stofnun Svæðisgarðsins, uppbyggingu og þróun, verkefni og strafsemi og áhersluverkefni 2022.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

9. 2112004 - Kjör í yfirkjörstjórn

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar og sveitarstjórn Helgafellssveitar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils, skv. 14. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórnar, skulu vera undirkjörstjórnir í hvoru sveitarfélagi fyrir sig við sveitarstjórnarkosningar. Forseti bæjarstjórnar leggur til þær breytingar á skipun yfirkjörstjórnar að Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson taki sæti sem aðalmaður í yfirkjörstjórn og Björn Sverrisson verði varamaður í yfirkjörstjórn.

10. 2203035 - Kennslukvóti fyrir skólaárið 2022-2023

Lögð fram umsókn Grunnskólans í Stykkishólmi um kennslukvóta fyrir skólaárið 2022-2023. Bæjarráð samþykkti, á 639. fundi sínum, að kennslukvóti við Grunnskólann skólaárið 2022-2023 verði 462 kennslustundir.

11. 2203029 - Húsa- og byggðakönnun Stykkishólmi

Lagt fram bréf frá forstöðumanni Minjastofnunar Íslands sem greinir frá ákörðun um styrkúthlutun úr húsafriðunarsjóði 2022. Ákveðið hefur verið að veita styrk að upphæð kr. 1.600.000,- til húsa- og byggðakönnunar í Stykkishólmi. Einnig er lagður fram samningur um styk úr húsafriðunarsjóði.

Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 639. fundi sínum, að undirbúa verkefnið og koma í framkvæmd.

Lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2203027 - Súgandisejjarviti - Endurgerð ljóshúss

Lagt fram bréf frá forstöðumanni Minjastofnunar Íslands sem greinir frá ákörðun um styrkúthlutun úr húsafriðunarsjóði 2022. Ákveðið hefur verið að veita styrk að upphæð kr. 2.000.000,- til endurgerðar ljóshúss Súgandisejjarvita. Einnig er lagður fram samningur um styk úr húsafriðunarsjóði.

Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 639. fundi sínum, að undirbúa verkefnið í samráði við byggingafulltrúa og visa til viðauka.

Lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

13. 2111009 - Styrkumsóknir

Auglýst var eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um styrkveitingar frá 25. febrúar til 21. mars sl. Alls bárust 2 umsóknir.

Bæjarráð samþykkti, á 639. fundi sínum, að styrka Félag atvinnulífs í Stykkishólmi um 400.000 kr. og Norska húsið um 150.000 vegna 190 ára afmælis Norska hússins.

Lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 1812022 - Endurskoðun forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar

Lögð fram endurskoðuð forvarnarstefna Stykkishólmbæjar.

Bæjarráð samþykkti, á 639. fundi sínum, forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

15. 2204012 - Beiðni um tilnefningu fulltrúa í samráðshóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar

Lagt fram erindi frá Sigríði Finsen, formanni stýrihóps um greiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðpróun. Í erindi Sigríðar er óskað eftir tilnefningu sveitarfélagsins í samráðshóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar.

16. 2203022 - Staða hafnarvarðar

Lagt fram minnisblað og tillaga bæjarstjóra til bæjarstjórnar um ráðningu hafnarvarðar.

17. 1911016 - Jafnlaunastefna Stykkishólmsbæjar

Lögð fram uppfærð jafnlaunastefna Stykkishólmsbæjar til samþykktar.

18. 2104021 - Gervigrasvöllur við Íþróttahús

Íþrótt- og æskulýðsnefnd leggur til að Knattspyrnudeild Snæfells verði boðin fjáröflun með allsherjar endurbætur á gervigrasvellingum og tilraun gerð til þess að þrifa völlinn og mála grindverkið. Ef þrif á velli ganga ekki upp leggur nefndin til þess að skipt verði um gervigras. Einnig leggur nefndin til að hækka gaflana báðu megin.

Bæjarstjóri leggur til að bæjarstjóra verði falið að ganga til samninga við Snæfell um verkefnið.

19. 1905025 - Íþróttastefna Stykkishólmsbæjar

Bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar lagði til á 608. fundi bæjarráðs að unnin verði Íþróttastefna Stykkishólmsbæjar eða eftir atvikum verði leitað samstarfs við HSH og sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um sameiginlega stefnu í þessum efnunum.

Bæjarráð vísaði tillögunni til umfjöllunar og umsagnar í æskulýðs- og íþróttanefnd sem lagði til á 78. fundi sínum að leitað yrði eftir samstarfi við HSH og sveitafélögin á Snæfellsnesi um sameiginlega íþróttastefnu. Með sameiginlegri íþróttastefnu, hvort sem hún verði sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi eða sameiginleg stefna með íþróttahreyfingunni á Snæfellsnesi, er m.a. verið að stefna að því vinna í samræmi við markmið og aðgerðir sem fram koma í stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttmálum 2019-2030, en með sameiginlegri stefnu er jafnframt tilgangurinn að auka samvinnu og samstarf á sviði íþróttamála á Snæfellsnesi.

Bæjarráð fól bæjarstjóra og tómsunda- og æskulýðsfulltrúa Stykkishólmsbæjar að kanna áhuga sveitarfélaga á Snæfellsnesi og HSH um sameiginlega íþróttastefnu Snæfellinga.

Lögð eru fram svarbréf vegna erindisins. Grundafjarðarbær lýsir yfir áhuga sínum á sameiginlegri íþróttastefnu á Snæfellsnesi en Snæfellsbær taldi ekki þörf fyrir sameiginlegri íþróttastefnu Snæfellinga.

Æskulýðs- og íþróttanefnd lagði til, á 83. fundi sínum, að hafist verði handa við að vinna að íþrótt- og tómsundastefnu með aðgerðaráætlun. Æskulýðs- og tómsundafulltrúi

muni gera drög að íþróttá- og tómsfundastefnu í samstarfi við nefndina. Hugmyndin er að styðjast við stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum.

20. 2204017 - Viljayfirlýsing um landeldi og sjálfbæra framleiðslu matvæla á grunni grænna iðngarða

Lögð fram viljayfirlýsing um landeldi og sjálfbæra framleiðslu matvæla á grunni grænna iðngarða.

21. 2204003 - Ársreikningur Stykkishólmsbæjar - Síðari umræða

Á 639. fundi bæjarráðs var lagður fram ársreikningur Stykkishólmsbæjar til fyrri umræðu. Á fundinum samþykkti bæjarráð að vísa ársreikningi til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi, mætti á 411. fund bæjarstjórnar og gerði grein fyrir ársreikningi Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2021. Bæjarstjóri gerði einnig grein fyrir helstu áhrifum ársins 2021 á fjárhag bæjarins og helstu lykiltölum.

Bæjarstjórn samþykkti á 411. fundi sínum, að vísa ársreikningi Stykkishólmsbæjar til seinni umræðu í bæjarstjórn.

22. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

26.04.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.